

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um niðurfellingu á meðlags-skuldum.

1. *Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá því að löggin voru sett, sundurliðað eftir árum?*

Á tímabilinu 1. júlí 1996 til 31. desember 2006 voru tekin fyrir á stjórnarfundum Innheimtustofnunar sveitarfélaga samtals 16.454 erindi frá meðlagsskuldurum og skiptast þau þannig á milli ára.:

Ár	Fjöldi
1996	818
1997	1592
1998	1337
1999	1438
2000	1641
2001	1326
2002	1458
2003	1644
2004	1862
2005	1662
2006	1676

2. *Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Nákvæm tölfræðileg greining á afgreiddum málum hefur ekki verið gerð enda eru niðurstöður með ýmsu móti. Þó eru til tölur um þriggja ára samninga, þ.e. samninga þeirra skuldara sem greitt hafa samfelt í þrjú ár og öðlast hafa möguleika á afskrift höfuðstóls. Hannað hefur verið eftirlitskerfi til að fylgjast með efndum á hinum fjölmörgu samningum sem stjórnin gerir við meðlagsgreiðendur.

Heildarfjöldi afskrifaðra mála á tímabilinu er 841 og skiptist þannig:

Ár	Fjöldi
1999	20
2000	90
2001	111
2002	120
2003	150
2004	105
2005	110
2006	135

3. *Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.*

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur byggt afgreiðslu mála á 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, eins og henni var breytt með lögum nr. 71/1996, og reglugerð nr. 491/1996. Í lögnum segir m.a.: „Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en fellur til mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fulljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.“ Ákvæði um framkvæmdina voru síðan sett í reglugerð nr. 491/1996 sem tók gildi 6. september 1996.

Í samræmi við framangreint lagaákvæði tekur stjórn Innheimtustofnunar tillit til félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem heilsufars, lágra tekna, skertrar starfsorku, skulda, ómegðar og annarra ástæðna sem skert hafa greiðslugetu skuldara. Tæmandi listi yfir þau vandkvæði sem um er að ræða liggur ekki fyrir og félagsfræðileg eða tölfræðileg úttekt í þessum efnum hefur ekki verið gerð.